

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 439, 1. október 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 6. janúar 1988.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breyting á auglýsingu nr. 404/1987, um sérstaka tollmeðferð
vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og
samning Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE).**

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Vörur sem fluttar eru frá löndum þeim sem um ræðir í 1. gr. og falla undir tollskrárnúmer í tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. 12. gr. laga nr. 86/1987, um breyting á þeim lögum, þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum merktum E geta notið tollfrelsis samkvæmt dálki merktum E að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

2. gr.

3. og 4. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar falli brott.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. geta allar vörur sem fullnægja skilyrðum um uppruna samkvæmt bókun nr. 3 eða Viðauka B og falla undir tollskrárnúmer í tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. 16. gr. laga nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum, þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum merktum E, sbr. einnig 2. mgr. 2. gr., notið þeirrar tollmeðferðar sem sá dálkur kveður á um, nema annað sé tekið fram í viðauka I við tollalög.

4. gr.

Í stað „1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl.“ í 3. tölul. 2. mgr. 4. gr. komi: tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. 15. gr. laga nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum.

5. gr.

Í stað „Tollyfirvöld geta heimilað“ í 1. másl., 1. mgr. 13. gr. komi: Ríkistollstjóri getur heimilað.

Í stað „Tollyfirvöld geta enn fremur heimilað“ í 1. másl. 2. mgr. 13. gr. komi: Ríkistollstjóri getur enn fremur heimilað.

Í stað „Fjármálaráðuneytið“ í 6. mgr. 13. gr. komi: Ríkistollstjóri.

6. gr.

Í stað orðsins „Viðskiptaráðuneytið“ í 2. másl., 1. mgr. 18. gr. komi: Utanríkisviðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins.

7. gr.

III. kafli auglýsingarinnar falli brott.

8. gr.

„IV kafli“ auglýsingarinnar verði: III kafli, „22. gr.“ verði: 20. gr. og „23. gr.“ verði: 21. gr.

9. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. tölul. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 3. gr. laga nr. 96/1987, um breyting á þeim, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 5. janúar 1988.

Indriði H. Þorláksson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 612 31. desember 1987 um jöfnunargjald.

1. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmer falli brott úr 1. gr. reglugerðarinnar:
6401.9903 og 7019.9003

2. gr.

Við upptalningu í 1. gr. reglugerðarinnar bætist eftirtalin tollskrárnúmer:
1704.9009, 3402.9000, 3917.4000, 4418.5000, 5904.9200 og 6310.9000.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 8. janúar 1988.

F.h.r.

Lárus Ögmundsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.